

# Lög

um breytingu á lögum nr. 22/1968, um gjaldmiðil Íslands, með síðari breytingum.

---

1. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Að tillögu Seðlabanka Íslands er ráðherra heimilt að ákveða að fjárhæð sérhverrar kröfu eða reiknings skuli greind og greidd með heilli krónu. Skal lægri fjárhæð en fimmtíu aurum sleppt, en fimmtíu aurar eða hærri fjárhæð hækkuð í eina krónu. Seðlabankinn ákveður alla nánari framkvæmd þessa ákvæðis.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

---

*Samþykkt á Alþingi 16. apríl 1998.*